

Karлакór Akureyrar-Geysir

Á Akureyri störfuðu lengi bæði Karлакór Akureyrar (stofnaður 1929) og Karлакórinn Geysir (stofnaður 1922). Árið 1990 var ákveðið að sameina kórana í Karлакór Akureyrar-Geysi, samsett úr nöfnum „þabba og mömmu“. KAG hefur gefið út tvo geisladiska. „Vorkliður“ leit dagsins ljós árið 1997 og „Á Ljóðsins Vængjum“ kom út sumarið 2005 en á honum eru einungis lög við ljóð Davíðs Stefánssonar. Þá hefur kórinn farið í söngferðir til Noregs, Finnlands, Eistlands og Ítalíu. Eins og menn geta ímyndað sér eftir að hafa horft á myndina „Karлакórinn Hekla“ gerist margt í svona ferðum, sem ekki þolir dagsljósið almennilega.

Undanfarin ár hefur kórinn, auk hefðbundinna tónleika, sett upp alls kyns söngskemmtanir; „Bítla-prógram“, „Allra meina bót“, „Hæ Hopsasí“ safn írskra laga flutt í leikrænum búningi og fleira. Þá hefur kórinn verið að vinna í lögum frá Vilhjálmí Vilhjálmssyni. Karлакór Akureyrar - Geysir stendur einnig fyrir skemmtilegu kóramóti, sem nefnist „Hæ Tröllum“ og er haldið annað hvert ár í mars. Stjórnandinn heitir Valmar Hvanndal Völjaots og er verulega fvirkur...
KAG – Syngjandi sælir!

Karлакór Siglufjarðar

Karлакór Siglufjarðar var svo stofnaður laugardaginn 1. janúar 2000, kl. 00.10. Kórinn leiddi fjöldasöng á íþróttavellinum og má segja að hann hafi ekki þagnað síðan. Formaður var kosinn Kristinn Georgsson og Elías Þorvaldsson kórstjóri. Stofnfélagar voru 27. Kórinn fékk fljótlega eigið merki, sem er sextugasta og fjórða parts nóta og undir strikunum er nafn kórsins og þar undir stendur 1. janúar 2000. Kórinn hefur haldið kvöldvökur árlega, sungið á aðventukvöldum, við jólatrésskemmtun, fyrir sjúklinga og aldraða o.m.fl. Nokkrir hljóðfæraleikarar eru með kórnum og eru flestir þeirra einnig meðlimir í kórnum og einnig eru nokkrir einsöngvarar. Kórinn hefur oftast verið með tvískipta söngskrá þ.e.a.s. þjóðleg og alvarleg lög í fyrri hluta og svo léttari lög þeim seinni. Kórinn hefur ferðast þó nokkuð og fengið marga góða kóra í heimsókn. Kórinn er meðlimur í nokkrum samtökum íslenskra karlakóra.

Núverandi formaður kórsins er Ægir Bergsson, en hann tók við af Kristni Georgssyni. Núverandi stjórnandi er Guðrún Ingimundardóttir sem tók við af Elíasi Þorvaldssyni sem hafði verið kórstjóri frá upphafi.

Kvennakór Akureyrar

Kvennakór Akureyrar var stofnaður á vordögum 2001 og átti því 10 ára starfsafmæli á síðasta ári. Í kórnum starfa að jafnaði um 60 konur frá Akureyri og nærsveitum. Fyrsti stjórnandi Kvennakórsins var Björn Leifsson, en hann stjórnaði kórnum til 2003 þegar Þórhildur Örvarsdóttir tók við. Arnór Vilbergsson stjórnaði kórnum frá 2005 til 2008, en Jan Alavere var með kórinn haustönnina 2008. Stjórnandi frá því í janúar 2009 er Dantel Þorsteinsson. Frá haustinu 2011 er formaður kórsins Una Þórey Sigurðardóttir. Kórinn heldur um það bil þrenna tónleika á ári og tekur auk þess að sér að syngja við hvers kyns tækifæri. Lagaval kórsins er fjölbreytt, gamalt og nýtt, íslenskt og erlent og við allra hæfi. Kórinn hefur tvisvar lagt land undir fót og farið utan, fyrst til Slóventu og svo til Eistlands. Í haust fer kórinn svo vestur um haf til Gimli í Kanada þar sem hann tekur þátt í Íslendingadeginum.

Karлакór Akureyrar-Geysir

undir stjórn Valmar Völjaots

Karлакór Siglufjarðar

undir stjórn Guðrúnar

Ingimundardóttur

Kvennakór Akureyar

undir stjórn Daníels Þorsteinssonar



Tónleikar

Siglufjarðarkirkju

5. maí 2012

Karlahór Akureyrar-Geysir

Ár vas alda

Íslenskt þjóðlag. Úr Völuspá. Úts.: Þórarinn Jónsson.

Capri - Katarína

Lag: Jón Jónsson frá Hvanná. Ljóð: Davíð Stefánsson. Úts.: Carl Billich.

Loch Lomond

Skoskt þjóðlag. Úts.: R. Vaughan Williams.

Nú andar suðrið sæla

Lag: Ingi T. Lárusson. Ljóð: Jónas Hallgrímsson. Einsöngur: Jónas Þór Jónasson.

Syrpa af þýskum lögum

Útsetningar Páll Pampichler Pálsson.

Nú yfir heiði háa

Ókunnur höfundur. Ljóð: Páll Jónsson.

Lórelei

Lag: Friedrich Silcher. Ljóð: Heinrich Heine - Steingrímur Thorsteinsson.

Af stað

Lag: Albert Methfessel. Ljóð: Steingrímur Thorsteinsson.

Steal Away

Negrasálmur. Trad. Úts.: Hall Johnson.

Rosa Marie

Lag: Rudolf Friml. Ljóð: Harbac & Hammerstein. Úts.: Lawrence.

Kvennakór Akureyrar

Ísland ögrum skorið

Lag: Sigvaldi Kaldalóns. Ljóð: Eggert Ólafsson. Úts.: Jakob Tryggvason.

Þjóðlagasyrpa

Útsetningar Jón Þórarinnsson

Ungur var ég og ungir

Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Tinda fjalla

Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Stásmey sat í sorgum

Ljóð: Stefán Ólafsson.

Sólin þaggar

Ljóð: Jónas Jónasson frá Torfmýri

Haust á Akureyri

Ljóð: Örn Snorrason. Lag: Birgir Helgason. Radds.: Daníel Þorsteinsson.

Hotaru koi

Japanskt barnalag. Úts.: Ogura

Hlé

2 stjörnur

Lag og ljóð: Megas. Úts.: Daníel Þorsteinsson

Árstíðirnar

Lag: Daníel Þorsteinsson. Ljóð: Anna Dóra Gunnarsdóttir.

Con te partiro

Lag og ljóð: Fransesco Sartori, Lucio Quarantotto og Frank Peterson. Úts.: Mac Huff

Karlahór Akureyrar-Geysir, Kvartett:

Erlingur Ara, Sigurgeir Sigurðar, Baldvin Aðalsteins, Þórólfur Ingvars

Við brunninn bak við hliðið (Linditréd)

Lag: Franz Schubert. Ljóð: Wilhelm Müller - Þórður Kristleifsson þýddi.

Dísir vorsins

Lag og texti: Bjarki Árnason. Radds.: Stefán R. Gíslason.

Karlahór Akureyrar-Geysir og Karlahór Siglufjarðar

Ísland (Þú álfu vorrar)

Lag: Sigfús Einarsson. Ljóð: Hannes Hafstein.

Þó þú langförull legðir

Lag: Sigvaldi S. Kaldalóns. Ljóð: Stephan G. Stephansson.

Brennið þið vitar

Lag: Páll Ísólfsón. Ljóð: Davíð Stefánsson.

Þú komst í hlaðið

Lag: G. Sämon. Ljóð: Davíð Stefánsson.